

# Hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda

## Samræmdar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, endurskoðun 2013

### Skilgreiningar

*Hreinsun:* Óhreinindi (ryk, fita, blóð, húðflögur o.fl.) eru fjarlægð með burstun, vatni og sápu.

*Sótthreinsun:* Eyðing flestra sjúkdómsvaldandi örvera (vírusa, baktería og sveppa).

*Dauðhreinsun:* Eyðing „allra“ sjúkdómsvaldandi örvera (vírusa, baktería, spora og sveppa).

### Hvenær ber að nota hverja aðferð fyrir sig?

*Hreinsun:* Alltaf þegar óhreinindi eru á áhöldum. Hreinsun áhalda er ein og sér nægjanleg í þeim tilfellum þar sem áhaldið kemur ekki í beina snertingu við húð eða einungis í snertingu við heila húð.

*Sótthreinsun:* Sótthreinsun er nauðsynleg á áhöldum sem komast í beina snertingu við húð og slímhimnur.

*Dauðhreinsun:* Í þeim tilvikum sem nota á áhald í vefi eða hætta er á að áhald geti farið í gegnum heila húð/slímhúð skal áhald vera dauðhreinsað.

### Hvernig er hægt að ná fram fullnægjandi hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun?

*Hreinsun* er forstígg sótthreinsunar eða dauðhreinsunar þar sem það á við. Nota skal burstun með vatni og sápu eða háþrýstipvott, þannig að lífræn efni séu þvegin af fletinum. Þetta er gert til að óhreinindi hindri ekki sótthreinsun/dauðhreinsun flatarins sem meðhöndla á. Ef um er að ræða hættulegar örverur, eða ef hætta er á að þær dreifist út í andrúmsloftið þarf stundum að sótthreinsa áhald fyrir hreinsun. Sótthreinsun þarf þá að endurtaka eftir hreinsun. Hreinsun dugar oftast ein og sér til hreinsunar á áhöldum frá ósýktum einstaklingum og á áhöldum til einkanota sem ekki fara inn úr húð eða komast í snertingu við rofna húð. Hreinsa á áhöld milli viðskiptavina. Einnig þarf að hreinsa áhöld áður en þau eru sótthreinsuð eða dauðhreinsuð. Hreinsun/þvottur dugar oftast á matarílát, húsgögn, gólf, leikföng o.þ.h.

*Sótthreinsun* getur verið misöflug eftir því hvaða efni eða aðferð er notuð. Hér er fjallað almennt um sótthreinsun. Fyrst og fremst er mælt er með sótthreinsun í hita, helst áhaldþvottavél þar sem 85-90°C heitt vatn eða gufa skolar burt og drepur flestar örverur eða við suðu. Ef sótthreinsun við hita kemur ekki til greina þarf að nota sótthreinsiefni. Þvottur fyrir sótthreinsun er nauðsynlegur ef lífræn efni eru á áhöldum sem geta lokað inni örverur og jafnvel gert sótthreinsiefni óvirk.

Taupvottur við 85°C telst sótthreinsun. Sótthreinsun á að beita á áhöld sem einungis komast í snertingu við yfirborð líkamans. Sótthreinsa þarf húsbúnað og gólf ef smitnæm efni hafa komist í snertingu við þau. Sótthreinsa á áhöld s.s. förðunarbusta, hárgreiður, hárbursta, naglasnyrtiáhöld o.þ.h.

*Dauðhreinsun* er hægt að framkvæma með gufusæfingu (autoclavingu), þurrsæfingu (hiti), örbylgumeðferð eða efnameðferð. Gufusæfing er algengasta aðferðin og er þá mælt með 121°C í 15 mínútur eða 134°C í 3 mínútur til að ná að drepa allar sjúkdómsvaldandi örverur. Til samanburðar þarf við þurrsæfingu 160°C í 120 mínútur, 170°C í 60 mínútur og 180°C í 30 mínútur. Efnameðferð skal ekki beita nema aðrar aðferðir séu ekki mögulegar og þá einungis við bestu mögulegu skilyrði því oftast er um hættuleg efni að ræða.

Dauðhreinsun þarf að framkvæma á áhöldum sem komast í snertingu við líkamsvefi eða blóðbraut, þ.e. áhald fer í gegnum heila húð. Meðferð og geymsla hreinna, sótthreinsaðra og dauðhreinsaðra áhalda skal vera á þann hátt að aðferðin haldi gildi sínu fram að notkun. Áhöld sem þurfa að vera dauðhreinsuð á að pakka í þar til gerðar umbúðir sem þau eru dauðhreinsuð í. Áhaldið á síðan að geymast fram að notkun í þessum umbúðum. Ef áhaldinu er ekki innpakkað á þennan hátt þarf að dauðhreinsa það rétt fyrir notkun.

## Hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda

	Hvenær	Efni	Aðferð
<b>Hreinsun</b>	Áhöld sem ekki komast í beina snertingu við húð eða í snertingu við heila húð.	Vatn og sápa, ensímlosandi efni.	Burstun, háþrýstipvottur, uppþvottavél.
<b>Sótthreinsun</b>	Áhöld sem komast í snertingu við yfirborð líkamans.	Ýmis viðurkennd sótthreinsiefni.	Leggja í sótthreinsiefni (ath. leiðbeiningar á umbúðum), þvottur við 85-90°C (suða).
<b>Dauðhreinsun</b>	Áhöld sem komast í snertingu við líkamsvefi eða blóðbraut.	Efni eingöngu notuð ef allt annað er útilokað.	Gufusæfing, þurrsæfing, geislun, efni.

## Hreinsun/sótthreinsun húðar

	Hvenær	Efni	Aðferð
<b>Handþvottur</b>	Fyrir og eftir meðferð viðskiptavinar. Áður en unnið er með hreina og dauðhreinsaða hluti. Eftir að hafa snýtt sér, eftir hósta eða hnerra í lófa. Eftir hanskanotkun. Fyrir máltíðir. Eftir salernisferðir.	Vatn og sápa	Nota fljóttandi handsápu. Fjarlægja hringa og skartgrip. Nudda vel í 15 sek., einkum fingurgóma og þumal. Þurrka með einnota handþurrku. Nota að því loknu handþurrkuna til að skrúfa fyrir vatnið með.
<b>Handsótthreinsun</b>	Fyrir meðhöndlun matvæla sem framreidd eru fyrir aðra. Milli verka í matvælaframleiðslu. Eftir snertingu við smitefni (blóð, hægðir, hor, bleiuskipti).	Að loknum handþvotti er notaður (gerileyðir) handspritt.	3-5 ml er nuddað vel á hendur þar til þurr er orðið.
<b>Sótthreinsun á húð fyrir inngrip</b>	Fyrir húðflúrur, húðgötun, ástungu húðar, naglaásætningu, vaxmeðferð o.fl.	Viðurkennd Húðsótt-hreinsunarefni.	Borið á hreina húð í tveimur yfirferðum, látið þorna á milli og áður en húð er rofin.